



# Veiði í vötnum á Auðkúluheiði og á veituleið Blöndustöðvar

Samantekt



## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2015-109 Dags: 9.11.2015

Fjöldi síðna: 11

Upplag: 20

Dreifing:

- Birt á vef LV
- Opin
- Takmörkuð til

Titill: Veiði í vötnum á Auðkúluheiði og á veituleið Blöndustöðvar. Samantekt.

Höfundar/fyrirtæki: Hugrún Gunnarsdóttir/Verkís

Verkefnisstjóri: Helgi Jóhannesson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: \_\_\_\_\_

Útdráttur: Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um veiði í vötnum á Auðkúluheiði og á veituleið Blöndustöðvar, að fornu og nýju. Fjallað er um staðsetningu, skipulag og þjóðlendu, veiðifélög og veiðinýtingu. Aflað var var ritaðra auk munnlegra heimilda um veiði og veiðnýtingu á svæðinu.

### Lykilorð:

Auðkúluheiði, veituleið Blöndustöðvar, stangveiði, netaveiði, vötn.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar

*Helgi Jóhannesson*



# Veiði í vötnum á Auðkúluheiði og á veituleið Blöndustöðvar

## Samantekt



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Staðsetning, skipulag og þjóðlenda</b> .....	<b>1</b>
<b>3</b>	<b>Veiðiréttur og veiðifélög</b> .....	<b>1</b>
<b>4</b>	<b>Veði í vötnum á Auðkúluheiði fyrir virkjun Blöndu</b> .....	<b>2</b>
<b>5</b>	<b>Veði í vötnum á Auðkúluheiði eftir virkjun Blöndu</b> .....	<b>5</b>
5.1	Austara Friðmundarvatn.....	5
5.2	Smalatjörn og Þrístikla.....	5
5.3	Vestara Friðmundarvatn.....	6
5.4	Mjóavatn.....	6
5.5	Galtaból.....	7
5.6	Fiskilækur.....	7
5.7	Samantekt veiðitalna síðustu ára.....	7
<b>6</b>	<b>Niðurstaða</b> .....	<b>8</b>
<b>7</b>	<b>Heimildir</b> .....	<b>10</b>

## Yfirlit yfir myndir

MYND 3.1	VÖTN Á AUÐKÚLUHEIÐI OG VEITULEIÐ BLÖNDUSTÖÐVAR SEM LEIGÐ ERU ÚT TIL STANG- OG NETAVEIÐI.....	4
MYND 5.1	FJÖLDI VEIDDRA FISKA Í VÖTNUM INNAN OG UTAN VEITULEIÐAR BLÖNDUSTÖÐVAR Á ÁRUNUM 2007-2014.....	8

## Yfirlit yfir töflur

TAFLA 5.1	SKRÁÐ VEIÐI Í AUSTARA FRIÐMUNDARVATNI Á ÁRUNUM 2009 TIL 2013.....	5
TAFLA 5.2	SKRÁÐ VEIÐI Í ÞRÍSTIKLU OG SMALATJÖRN Á ÁRUNUM 2009-2010.....	5
TAFLA 5.3	SKRÁÐ VEIÐI Í VESTARA FRIÐMUNDARVATNI Á ÁRUNUM 2000-2014.....	6
TAFLA 5.4	SKRÁÐ VEIÐI Í MJÓAVATNI Á ÁRUNUM 2007-2014.....	6
TAFLA 5.5	SKRÁÐ VEIÐI Í GALTABÓLI Á ÁRUNUM 2010 OG 2013.....	7
TAFLA 5.6	SKRÁÐ VEIÐI Í FISKILÆK Á ÁRINU 2012.....	7
TAFLA 5.7	FJÖLDI VEIDDRA FISKA Í VÖTNUM Á AUÐKÚLUHEIÐI OG INNAN OG UTAN VEITULEIÐAR Á ÁRUNUM 2007-2014.....	8





## 1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu eru teknar saman upplýsingar um veiði í vötnum á Auðkúluheiði og á veituleið Blöndustöðvar. Fjallað er um staðsetningu, skipulag og þjóðlendu á svæðinu og um veiðifélög og veiðinýtingu. Leitað var ritaðra heimilda en auk þess var upplýsinga aflað hjá formönnum veiðifélaga og sérfræðingi hjá Veiðimálastofnun. Dregið er saman, út frá þeim heimildum sem fyrir liggja, stutt yfirlit yfir veiði í vötnunum bæði að fornu og nýju.

## 2 Staðsetning, skipulag og þjóðlenda

Hluti vatna og veituleiðar ofan Blöndustöðvar er innan Auðkúluheiðar en hún hefur verið skilgreind sem þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um Húnavatnshrepp frá 19.12.2014, samkvæmt skilningi 1. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998. Sama landssvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunar Auðkúluheiðar sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, sbr. II kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Mörk þjóðlendu samkvæmt úrskurðinum má sjá á yfirlitskorti á vef óbyggðanefndar, obbyggdanefnd.is.

Hluti vatna á Auðkúluheiði falla innan svæðisskipulags miðhálandisins, en mörk þess liggja um mitt Austara-Friðmundarvatn, sjá mynd 1.<sup>1</sup> Öll þau vötn sem hér er fjallað um falla innan marka aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022.<sup>2</sup>

## 3 Veiðiréttur og veiðifélög

Úr Skipulagsskrá nr. 1119/2005 fyrir Sjálfseignarstofnunina Auðkúluheiði sem staðfest er 8. desember 2005 kemur eftirfarandi fram:

*„Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögum vegna þessara veiðiréttinda:*

*Akur, Auðkúla 1, Auðkúla 2, Auðkúla 3, Árholt, Ásar, Beinakelda 1, Beinakelda 2, Brúarvellir, Dunhóll, Efra-Holt, Eiðsstaðir 1, Eiðsstaðir 2, Eldjárnsstaðir, Geithamrar, Grund, Grænahlíð, Guðlaugsstaðir, Hamar, Hamrakot, Hjaltabakki, Holt á Ásum, Holt í Svínadal, Hrafnabjörg, Hurðarbak 1, Hurðarbak 2, Húnsstaðir, Húnsstaðir 2, Höllustaðir 1, Höllustaðir 2, Hæll, Kagaðarhóll, Kaldakinn 1, Kaldakinn 2, Kringla, Kárastaðir, Laxholt, Litla-Búrfell, Litlidalur, Ljótshólar, Meðalheimur, Mosfell, Orrastaðir, Reykir, Rútsstaðir, Röðull, Sauðanes, Skinnastaðir 1, Skinnastaðir 2, Smyrlaberg, Snæringsstaðir, Sólheimar, Stekkjardalur, Stóra-Búrfell, Stóra-Giljá, Stóridalur, Svínavatn, Syðri-Grund, Syðri-Langamýri, Tindar, Torfalækur 1, Torfalækur 2, Tungunes, Vesturhlíð og Ytri-Langamýri.“*

Í samþykkt veiðifélags Auðkúluheiðar frá 9. ágúst 1968 kemur fram að félagið nái til allra jarða innan upprekstrarfélags Auðkúluheiðar, Blönduósshrepps og auk þess til jarðanna Forsæludals og Þórormstungu í Áshreppi, sem eigi land að Vestara Friðmundarvatni, sjá viðauka. Þau vötn sem félagið nær til samkvæmt samþykkt veiðifélagsins eru: Galtaból, Þrístikla, Mjóavatn, Austara og Vestara Friðmundarvatn, Leirtjarnir, Lómatjarnir, Þórarinsvötn og Hrafnabjargartjörn, ásamt ám og lækjum sem í vötnin falla eða tengja þau saman.

Veiðifélag Auðkúluheiðar hefur um nokkurra ára skeið leigt félaginu Friðmundi eftirtalin vötn á Auðkúluheiði og á veituleið Blöndustöðvar til stangveiði og netaveiði:

<sup>1</sup> Umhverfissráðuneyti og Skipulagsstofnun. 1999. Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015.

<sup>2</sup> Landmótun. 2010. Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.

*Gilsárlón, Gilsárvatn af bakka Upprekstrarfélags Auðkúluheiðar, Hrafnabjargartjörn, Austara Friðmundarvatn, Vestara Friðmundarvatn, Eyjavatn, Mjóavatn, Smalatjörn og Þrístiklu ásamt veitu norður í Gilsárkötn.*

Friðmundur, er félagsskapur 25 aðila, sem hafa á undanförunum árum gert árlegan samning við veiðifélag Auðkúluheiðar um leigu á veiði í ofangreindum vötnum.<sup>3</sup> Veiðifélag Auðkúluheiðar hefur jafnframt leigt Guðmundi Hagalín Guðmundssyni Galtaból, undanfarin átta ár, til netaveiða. Staðsetning ofangreindra vatna er sýnd á mynd 1.

Heiðadeild Veiðifélags Blöndu og Svartár leigir út veiði í Blöndulóni og aðliggjandi ám og lækjum. Samkvæmt upplýsingum frá formanni heiðadeildar veiðifélagsins hafa verið teknar saman upplýsingar um veiði í Blöndulóni og aðliggjandi kvíslum fyrir árin 2008-2014. Eftirfarandi umfjöllun um veiði og veiðinýtingu afmarkast hins vegar við vötn sem eru á og í nálægð við veituleið Blöndustöðvar.

## 4 Veiði í vötnum á Auðkúluheiði fyrir virkjun Blöndu

Samkvæmt eldri heimildum hafa í gegnum tíðina verið einhverjar veiðinytjar í vötnum á Auðkúluheiði. Veiðin hefur þó ekki verið samfelld né stunduð í öllum vötnunum á heiðinni.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er fjallað um ásigkomulag jarða og hag landsmanna á tímabilinu frá 1702 til 1714, en þar kemur fram í umsögn um Auðkúlu, að veiði sé í heiðavötnum, en nýtist misjafnlega.

Í úrskurði óbyggðarnefndar um Húnavatnshrepp eru raktar ýmsar heimildir um sögu svæðisins og þar er meðal annars fjallað um silungsveiði á Auðkúluheiði. Má þar nefna skýrslu Björns Bjarnasonar frá Brandsstöðum um Kúluheiði sem skrifuð er í kringum 1850. Þar er eftirfarandi ritað:

*„Skamt frá Kólkuhól er nibigður skáli handa hrossaleitar mönnum við tieða kvísl, norðan hana og neðan hólín er olbogaflá á landamerki, austan hana liggur mióavatnsás, en norðr af honum þremundar vatnsás, og eru merkin eptir honum, storvötn eru á miðheiðinni, 1. mióavatn, það liggur út og suður alllángt norðr frá kólkuflóa, og eru þar flesjur miklar á milli, að austan liggur fram í það Lángitangi, þar var og svo riettað fie. 2. Þrístikla, tekr nafn af 2 vikum, fram af því, og austur, og liggur lángs út og suður austan mióavatn, hvergi sier út ifir alt vatnið, það er stort og diupt, ekki rennur úr því nie í það, utan leisingarvatn, í því er ei veiði stunduð, þar skildi vera öfuguggi, loðsilungur, og ókindur banvænar, ásamt flóð og fiara, en ei vitum vier af þessum abla að seigia. Skamt út frá Þrístiklu er smalatjörn hún er lítil, þar skildi þramar konan hafa drepit smalan sinn því hann slepti af ánum. Draughóll er líka vestan mióavatn, og var forðum haldið reimt á þessu svæði. Austr er 3ia Galtarból, lítið vatn veiðilaust og ekki rennr úr því, þaðan er skamt að blöndu. Lángt utan mióavatn er 4ða þremundarvatn vestara, það tekr nafn af friðmundi er bigði Forsæludal, það er miög stort og veiðivatn mikið, norðrendi þess kallast Riðavík, - þar hefur og verið stunduð mikil haustveiði (eþtr vetrnætr).“*

Samkvæmt skýrslu Björns var engin veiði stunduð í Þrístiklu, en þar mætti finna öfugugga eða loðsilung. Engin veiði væri í Galtabóli en hins vegar sé Vestara Friðmundarvatn mikið veiðivatn þar sem mikil haustveiði hafi verið stunduð í Riðavík í norðurenda þess.

Í samantekt Jóhanns Guðmundssonar í Holti um Auðkúluheiði frá árinu 1989 er fjallað um nýttjar heiðarinnar hér áður fyrr. Þar segir að silungur hafi verið í öllum vötnum á heiðinni.<sup>4</sup> Veiði hafi verið stunduð í Gilsvatni frá Guðlaugsstöðum og af Bugsbæjum. Þá hafi verið veitt í langan tíma í Austara Friðmundarvatni frá Bugsbæjum og í Vestara Friðmundarvatni með hléum frá bæjum í framanverðum Vatnsdal. Í öðrum vötnum á heiðinni hafi að öllum líkindum lítið verið veitt sökum þess hve langt var þangað að sækja. Þó mun Björn Eysteinnsson er bjó á Réttarhóli á móts við Kolkuós, hafa veitt töluvert á heiðinni meðan hann bjó þar en það var á árunum 1886-1891

<sup>3</sup> Guðmundur S. Pétursson, munnleg heimild

<sup>4</sup> Jóhann Guðmundsson. 1989. Auðkúluheiði. Húnaþing 3. Bls. 68-101.

Bændur á Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum stunduðu veiði í Austara Friðmundarvatni og Gilsvatn var nýtt af bændum frá Guðlaugsstöðum.<sup>5</sup> Talið er að vötn á heiðinni hafi verið nýtt frá nálægum bæjum eins og t.d. Þröm þangað til að jarðir fóru í eyði.<sup>6</sup>

Í viðtali við Halldór Pálsson í Tímanum frá árinu 1975 er greint frá því að fyrr á tuttugustu öldinni hafi töluvert verið veitt í Gilsvatni og Austara Friðmundarvatni á vorin og haustin.<sup>7</sup> Veiði hafi hins vegar minnkað er leið á öldina. Í álitssgerð um Gilsvatn frá árinu 1985 og unnin var af Líffræðistofnun háskólans kemur fram að veiði í Gilsvatni hafi eingöngu verið stunduð frá Guðlaugsstöðum hin síðari ár og seinast árið 1979.<sup>8</sup> Þá hafi verið veidd um 300 til 400 kg af bleikju úr vatninu.

Í fornleifaskráningu á veituleið kemur fram að á nesi við vestanvert Austara Friðmundarvatn sé að finna fernar tóftir þar sem líklegt er um að ræða veiðiskála. Heimildum beri hins vegar ekki saman um heiti skálans þ.e. annars vegar Gunnarsskáli eða Gíslaskáli. Skálar tengdir veiði hafa verið í áratugi við Vestara Friðmundarvatn.<sup>9</sup>

---


<sup>5</sup> Jóhann Guðmundsson, tölvupóstur frá 31.8.2015.

<sup>6</sup> Jón Gíslason, munnleg heimild.

<sup>7</sup> Halldór Pálsson. 1975. Viðtal í Tímanum um Blönduvirkjun, frá 6. maí 1975.

<sup>8</sup> Gísli M. Gíslason. 1985. Álitssgerð um Gilsvatn á Auðkúluheiði. Unnið fyrir Landsvirkjun. Líffræðistofnun háskólans.

<sup>9</sup> Jóhann Guðmundsson, tölvupóstur 31.8.2015



**Mynd 4.1** Vötn á Auðkúluheiði og veituleið Blöndustöðvar sem leið eru út til stang- og netveiði.

## 5 Veiði í vötnum á Auðkúluheiði eftir virkjun Blöndu

Í kjölfar virkjunar Blöndu á árinu 1991 og myndun Blöndulóns var vatni veitt um Þrístiklu, Smalatjörn, Austara Friðmundarvatn og þaðan um Fiskilæk til Gilsvatns og Gilsárlóns. Vötnin sem áður voru tær heiðavötn urðu jökulskotin auk þess að gegnumstreymi um þau jókst. Vötn á veituleiðinni þykja í dag ekki árennileg veiðivötn og er þar almennt lítil veiði. Í dag er mest veitt í Mjóavatni og Vestara Friðmundarvatni, en þau eru staðsett utan veituleiðarinnar.

Skráning á veiði úr vötnum á Auðkúluheiði hefur verið lítil í gengum tíðina. Það er eingöngu á síðustu árum sem veiði í vötnum á Auðkúluheiði hefur að einhverju leyti verið skráð. Leitað var heimilda hjá formanni Veiðifélags Auðkúluheiðar og hjá formanni veiðifélagsins Friðmundi, en þeir létu góðfúslega í té upplýsingar um veiði í vötnunum. Í eftirfarandi samantekt er greint frá skráðri veiði í vötnum á heiðinni á síðustu árum samkvæmt heimildum frá formönnum veiðifélaganna.

### 5.1 Austara Friðmundarvatn

Austara Friðmundarvatn er á veituleið Blöndustöðvar, sjá mynd 1. Það er um 1,9 km<sup>2</sup> að flatarmáli með meðaldýpi 0,8 m. Í vatninu veiðist bæði urriði og bleikja, þó aðallega bleikja. Skráð veiði á árunum 2009 til 2011 er sýnd í töflu 5.1, samkvæmt upplýsingum frá Veiðifélagi Auðkúluheiðar og veiðifélaginu Friðmundi.

**Tafla 5.1** Skráð veiði í Austara Friðmundarvatni á árunum 2009 til 2013.

Ár	Bleikja fjöldi	Urriði fjöldi
2009	173	
2010	150	
2011	3	1
2013	96	14

### 5.2 Smalatjörn og Þrístikla

Þrístikla og Smalatjörn eru á veituleið Blöndustöðvar, sjá mynd 1. Þrístikla er um 4,0 km<sup>2</sup> að flatarmáli með meðaldýpi 5,5 m og Smalatjörn er um 0,5 km<sup>2</sup> að flatarmáli með meðaldýpi um 1 m. Skráð veiði í Þrístiklu og Smalatjörn á árunum 2009 og 2010 er sýnd í töflu 5.4, samkvæmt upplýsingum frá Veiðifélagi Auðkúluheiðar.

**Tafla 5.2** Skráð veiði í Þrístiklu og Smalatjörn á árunum 2009-2010.

Ár	Bleikja fjöldi
2009	102
2010	15

### 5.3 Vestara Friðmundarvatn

Vestara Friðmundarvatn er utan veituleiðar Blöndustöðvar, sjá mynd 1. Það er um 5,1 km<sup>2</sup> að flatarmáli með meðaldýpi um 1,2 m. Afrennsli Vestara Friðmundarvatns er til Vatnsdals. Skráð veiði á árunum 2000 til 2014 er sýnd í töflu 5.2, samkvæmt upplýsingum frá Veiðifélagi Auðkúluheiðar og veiðifélaginu Friðmundi..

**Tafla 5.3** Skráð veiði í Vestara Friðmundarvatni á árunum 2000-2014

Ár	Bleikja fjöldi	Urriði fjöldi
2000-2001	1.300	
2002	800	
2003-2006	800-1.000	
2007	500	
2009	579	
2010	600	
2011	973	
2012	1.381	
2013	1.640	256
2014	1.266	53

Að mati formanns veiðifélagsins Friðmundar telst athyglisverðast að á síðustu árum virðist fiskur hafa stækkað í Vestara Friðmundarvatni. Þar hafi áður fyrr veiðst mest af pundurum en á undanförunum árum hafa verið að veiðast 2-4 punda fiskar.<sup>10</sup>

### 5.4 Mjóavatn

Mjóavatn er einnig utan veituleiðar Blöndustöðvar, sjá mynd 1. Það er um 2,5 km<sup>2</sup> að flatarmáli og 0,8 m meðaldýpi. Afrennsli Mjóavatns er til Vatnsdals. Skráð veiði í Mjóavatni á árunum 2007 til 2014 er sýnd í töflu 5.3, samkvæmt upplýsingum frá veiðifélagi Auðkúluheiðar og veiðifélaginu Friðmundi.

**Tafla 5.4** Skráð veiði í Mjóavatni á árunum 2007-2014.

Ár	Bleikja fjöldi
2007	900
2009	388
2010	200
2011	224
2012	65
2013	32
2014	82

<sup>10</sup> Guðmundur S. Pétursson, munnleg heimild.

## 5.5 Galtaból

Galtaból er utan veituleiðar Blöndustöðvar, sjá mynd 1. Það er 1,4 km<sup>2</sup> að flatarmáli með meðaldýpi 4,1 m. Í samantekt Jóhanns Guðmundssonar um Auðkúluheiði frá árinu 1989 kemur fram að ekki veiðist mikið af fiski í Galtabóli, en talið sé að besti fiskurinn fáiist úr því.<sup>11</sup> Fiskrannsóknir í Galtabóli hafa sýnt fram á tilvist tveggja bleikjugerða í vatninu,<sup>12</sup> en talið er að þar hafi þróast mismunandi afbrigði bleikjustofna, eins og þekkt er í Þingvallavatni. Þessi tvö afbrigði af bleikju eru æxlunarlega aðskilin. Annars vegar er þar að finna botnlægt afbrigði og hins vegar sviflægt afbrigði sem er fiskiæta.

Galtaból hefur verið leigt til eins aðila síðastliðin átta ár. Árleg veiði hefur verið á bilinu 50 til 80 fiskar samkvæmt heimildum frá leigutaka. Fjöldi veiddra fiska á árunum 2010 og 2013 er sýndur í töflu 5.5.

**Tafla 5.5** Skráð veiði í Galtabóli á árunum 2010 og 2013.

Ár	Bleikja fjöldi
2010	67
2013	57

## 5.6 Fiskilækur

Fiskilækur liggur milli Austara Friðmundarvatns og Gilsvatns en hann er um um 5 km á lengd. Um Fiskilæk liggur núverandi veituskurður Blöndustöðvar. Veiði í Fiskilæk var aðeins skráð á árinu 2012, en þá veiddust þar bæði bleikja og urriði. Upplýsingar um skráða veiði í Fiskilæk eru sýndar í töflu 5.6, en þær eru fengnar eru frá veiðifélaginu Friðmundi.

**Tafla 5.6** Skráð veiði í Fiskilæk á árinu 2012.

Ár	Bleikja fjöldi	Urriði fjöldi
2012	4	5

Ásendalækur rennur í Fiskilæk úr Ásendatjörn, en tjörninn er í landi Guðlaugsstaða. Þar hefur verið lítil veiði á undanförunum árum.

## 5.7 Samantekt veiðitalna síðustu ára


Í töflu 5.7 og á mynd 5.1 er sýndur fjöldi veiddra fiska í vötnum á veituleið og utan hennar á Auðkúluheiði síðastliðin átta ár, eða frá árinu 2007-2014. Veiðitölur eru samkvæmt skráningu veiðifélagsins Friðmundar. Þar sem veiðitölur voru aðeins frá einu ári úr Fiskilæk var ákveðið að sleppa þeim í eftirfarandi samantekt.

<sup>11</sup> Jóhann Guðmundsson. 1989. Auðkúluheiði. Húnaþing III. Bls. 68-101.

<sup>12</sup> Hilmar Malmquist, Jón S. Ólafsson, Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson, Skúli Skúlason og Sigurður S. Snorrason. 2003. Vistfræði- og verndarflokkun íslenskra stöðuvatna. Verkefni unnið fyrir Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Náttúrufræðistofa Kópavogs.

**Tafla 5.7** Fjöldi veiddra fiska í vötnum á Auðkúluheiði og innan og utan veituleiðar á árunum 2007-2014.

Vötn/Ár	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Austara-Friðmundarvatn			173	150	4		110	
Prístikla/Smalatjörn			102	15				
Vestara-Friðmundarvatn	500		579	600	973	1.381	1.867	1.319
Mjóavatn	900		388	200	224	65	32	82
Galtaból	65	65	65	67	65	65	57	65
<b>Samtals</b>	<b>1.465</b>	<b>65</b>	<b>1.307</b>	<b>1.032</b>	<b>1.266</b>	<b>1.511</b>	<b>2.066</b>	<b>1.466</b>



**Mynd 5.1** Fjöldi veiddra fiska í vötnum innan og utan veituleiðar Blöndustöðvar á árunum 2007-2014.

## 6 Niðurstaða

Nokkur veiðinýting hefur verið í vötnum á Auðkúluheiði í gegnum tíðina og hefur hún líklega verið heldur meiri í vötnum á veituleið Blöndustöðvar fyrir virkjun. Af þeim vötnum sem leigð eru út til veiði hefur einkum verið veitt í vötnum utan veituleiðar Blöndustöðvar á undanförunum árum. Aðallega er um netaveiði að ræða en einnig er þar nokkur stangveiði. Veiði hefur ekki verið skráð með markvissum hætti en Veiðifélagið Friðmundur hefur á síðustu árum haldið til haga skráningum á veiddum fiskum í þeim vötnum sem félagið leigir af Veiðifélagi Auðkúluheiðar.

Samkvæmt skráningum hefur veiði í vötnum á veituleið og í Vestara-Friðmundarvatni, Mjóavatni og Galtabóli síðustu átta ár verið að jafnaði um 1.500-2.000 fiskar á ári. Eins og sjá má á mynd 5.1 hefur mesta veiðin undanfarin ár verið í Vestara-Friðmundarvatni og Mjóavatni. Lítil veiði hefur verið í vötnum á veituleið Blöndustöðvar. Með tilkomu Blöndulóns og veituleiðar hefur gegnumstreymi og jökulgrugg aukist í vötnum á veituleiðinni. Við það hafa aðstæður versnað fyrir afkomu fisks í þeim vötnum. Það á einnig við um Gilsvatn þar sem engin veiði hefur verið skráð



undanfarin ár. Gera má ráð fyrir að aðstæður þar séu ekki lengur hagstæðar fiski. Skráðar veiðitölur eru í heild í ágætu samræmi við niðurstöður tilraunaveiða frá árinu 2010 er sýndu mun minni afla í lögn í vötnum á veituleiðinni, en í vötnum utan hennar þ.e. í Mjóavatni og Vestara-Friðmundarvatni.<sup>13</sup>

---

<sup>13</sup> Guðni Guðbergsson og Eydís H. Njarðardóttir. 2010. Fiskstofnar í vötnum á Auðkúluheiði. Samanburður á ástandi innan og utan veituleiðar Blönduvirkjunar. Veiðimálastofnun, VMST/10046. LV-2010/126.



## 7 Heimildir

Gísli M. Gíslason. 1985. Álitsgerð um Gilsvatn á Auðkúluheiði. Unnið fyrir Landsvirkjun. Líffræðistofnun háskólans.

Guðni Guðbergsson og Eydís H. Njarðardóttir. 2010. Fiskstofnar í vötnum á Auðkúluheiði. Samanburður á ástandi innan og utan veituleiðar Blönduvirkjunar. Veiðimálastofnun, VMST/10046. LV-2010/126.

Halldór Pálsson. 1975. Viðtal í Tímanum um Blönduvirkjun, frá 6. maí 1975.

Hilmar Malmquist, Jón S. Ólafsson, Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson, Skúli Skúlason og Sigurður S. Snorrason. 2003. Vistfræði- og verndarflokkun íslenskra stöðuvatna. Verkefni unnið fyrir Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Náttúrufræðistofa Kópavogs.

Jóhann Guðmundsson. 1989. Auðkúluheiði. Húnaþing 3. Bls. 68-101.

Landmótun. 2010. Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.

Umhverfisráðuneyti og Skipulagsstofnun. 1999. Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015.





Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík  
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is  
Sími: 515 90 00

